

Nd.

481. Nefndarálit

[159. mál]

um frv. til laga um skólakostnað.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt ýtarlega um frv. á fundum sínum og fengið þá Torfa Ásgeirsson, skrifstofustjóra Efnahagsstofnunarinnar, og Aðalstein Eiríksson, fjármálaeftirlitsmann skóla, á sinn fund, og veittu þeir nefndinni upplýsingar um einstök atriði frv.

Þá komu á fund nefndarinnar þrjár skólastjórar heimavistarskóla. Einnig barst nefndinni erindi frá nokkrum skólamönnum víðs vegar að. Þessir aðilar töldu frv. til verulegra bóta frá því, sem er, en bentu á nokkur atriði, sem þeir töldu, að breyta þyrfti. Þá kom einnig í ljós, að gera þarf smávægilegar breytingar á lögnum til samræmingar við lög um iðnfræðslu, sem samþykkt voru á s. l. ári.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. telur, að frv. sé til mikilla bóta frá því, sem er í gildandi lögum, bæði hvað snertir ákvæði um stofnkostnað og varðandi rekstrarkostnað skólanna. Varðandi stofnkostnaðinn er það mikilsvert atriði, að í frv. er gert ráð fyrir því, að hluti ríkisins greiðist á tveim til þrem árum í stað fimm ára, eins og nú er. Þá eru í frv. ákvæði, sem eiga að stuðla að því, að betur verði tryggt en nú er, að framkvæmdir í skólabyggingum verði vandlega undirbúnar, áður en verkið er hafið.

Varðandi rekstrarkostnaðinn eru ákvæði í frv., sem marka skýrar en nú er, hver sé hlutur ríkissjóðs annars vegar og sveitarsjóða hins vegar varðandi allan rekstrarkostnað skólanna.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt, en flytur á sérstöku þingskjali nokkrar breytingartillögur.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frv. eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 13. apríl 1967.

Benedikt Gröndal,
form.

Axel Jónsson,
fundaskr., frsm.

Guðl. Gislason.

Jón Ísberg.